



## BARNAVERNDARSTOFA

---

Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu á fyrstu sex mánuðum árunum 2018 - 2020

**2020**

Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda skv. sískráningu nefndanna á fyrstu sex mánuðum árunum 2018, 2019 og 2020. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarnefndanna sem birtast í ársskýrslu Barnaverndarstofu. Einnig er hér að finna upplýsingar um fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu á fyrstu sex mánuðum árunum 2018, 2019 og 2020.

### **Tilkynningar til barnaverndarnefnda**

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgaði á fyrstu sex mánuðum ársins 2020 um 15,6% miðað við árið á undan. Hins vegar fjölgar tilkynningum um 24,2% ef miðað er við fyrstu sex mánuði ársins 2018. Fjöldi tilkynninga á fyrstu sex mánuðum ársins 2020 var 6.423 tilkynningar. Tilkynningum fjölgaði bæði í Reykjavík, í nágrenni Reykjavíkur og á landsbyggðinni á fyrstu sex mánuðum ársins 2020 miðað við árin á undan. Þess ber að geta að tilkynning til barnaverndarnefndar verður að barnaverndarmáli ef tekin er ákvörðun um könnun máls í kjölfar tilkynningarinnar.

Flestar tilkynningar á fyrstu sex mánuðum ársins 2020 voru vegna vanrækslu líkt og árin á undan eða 43,4% tilkynninga. Þetta hlutfall var 41,5% á fyrstu sex mánuðum ársins 2019 og 42,2% á fyrstu sex mánuðum ársins 2018. Hlutfall tilkynninga vegna ofbeldis á fyrstu sex mánuðum ársins 2020 var 29,4%, 26,3% fyrir sama tímabil árið á undan og 26,2% á fyrstu sex mánuðum ársins 2018. Hlutfall tilkynninga vegna áhættuhegðunar barna var 26,1% á fyrstu sex mánuðum ársins 2020, 31,4% fyrir sama tímabil árið á undan og 30,7% á fyrstu sex mánuðum ársins 2018. Hlutfall tilkynninga þar sem að heilsu eða lífi ófæddis barns var stefnt í hættu var um 1% öll árin.

Hlutfall tilkynninga þar sem tilkynnt var um vanrækslu og fram kom að foreldrar voru í áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu var 16,3% á fyrstu sex mánuðum ársins 2020, 13,8% fyrir sama tímabil árið á undan og 13,9% á fyrstu sex mánuðum ársins 2018. En í tilkynningum um ofbeldi var hlutfall tilkynninga þar sem um heimilisofbeldi var að ræða 8,9% á fyrstu sex mánuðum ársins 2020, 8% fyrir sama tímabil árið á undan og 7,8% á fyrstu sex mánuðum ársins 2018.

Flestar tilkynningar bárust frá lögreglu, eða 39,5% tilkynninga á fyrstu sex mánuðum ársins 2020, hlutfallið var 41,3% fyrir sama tímabil árið á undan og 40,8% á fyrstu sex mánuðum ársins 2018.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um á fyrstu sex mánuðum ársins 2020 var 5.105 börn, en sambærileg tala fyrir árið á undan var 4.462 börn og 4.067 börn á fyrstu sex mánuðum ársins 2018. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

## Umsóknir til Barnaverndarstofu

Umsóknum um meðferðarúrræði á vegum Barnaverndarstofu fjölgaði á fyrstu sex mánuðum ársins 2020 miðað við sama tímabil árið á undan úr 70 umsóknum í 81. Umsóknir voru 90 á fyrstu sex mánuðum ársins 2018. Flestar umsóknir bárust um MST sem er fjölkerfameðferð (MST) og snýr að fjölskyldum unglunga með fjölþættan hegðunarvanda sem kominn er á það alvarlegt stig að vistun unglings utan heimilis er talin koma til greina. Markhópurinn eru unglingar á aldrinum 12-18 ára og fer meðferðin fram á heimilum fólks. Flestar umsóknir um meðferð bárust frá Nágrenni Reykjavíkur eða 42% og fleiri umsóknir um meðferð bárust fyrir drengi en stúlkur öll árin.

Beiðnum til Barnaverndarstofu um fósturheimili fjölgaði á fyrstu sex mánuðum ársins 2020 úr 88 beiðnum í 94 miðað við sama tímabil árið á undan. Beiðnir um fósturheimili voru 63 á fyrstu sex mánuðum ársins 2018. Beiðnum um styrkt fóstur fjölgaði mest og flestar beiðnir bárust frá Reykjavík eða 43,6% á fyrstu sex mánuðum ársins 2020. Fleiri beiðnir bárust fyrir drengi fyrstu sex mánuði ársins 2018, en fleiri fyrir stúlkur á fyrstu sex mánuðum árinna 2018 og 2019.

Rannsóknarviðtöl í Barnahúsi skiptast í skýrslutökur fyrir dómi annars vegar og könnunarviðtöl fyrir barnaverndarnefndir hins vegar. Rannsóknarviðtölum fjölgaði úr 108 á fyrstu sex mánuðum ársins 2019 í 164 fyrir sama tímabil á árinu 2020, en þau voru 133 á fyrstu sex mánuðum ársins 2018. Skýrslutökur fyrir dómi voru 109 á fyrstu sex mánuðum ársins 2020, 63 fyrir sama tímabil árið á undan en 62 á fyrstu sex mánuðum ársins 2018. Fjölgunin varðaði bæði skýrslutökur vegna kynferðislegs ofbeldis og líkamlegs- og heimilisofbeldis, en meiri fjölgun er vegna líkamlegs- og heimilisofbeldis. Könnunarviðtölum fyrir barnaverndarnefndir fjölgaði úr 45 á fyrstu sex mánuðum ársins 2019 í 55 fyrir sama tímabil á árinu 2020, en þau voru 71 á fyrstu sex mánuðum ársins 2018. Stúlkur voru í meirihluta þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtöl öll árin.

Vistunum á lokaðri deild á Stuðlum fækkaði úr 98 í 96 á fyrstu sex mánuðum ársins 2020 miðað við sama tímabil árið á undan. Vistanir voru 111 á fyrstu sex mánuðum ársins 2018. Vistunardögum fækkaði úr 508 dögum á fyrstu sex mánuðum ársins 2019 í 477 daga fyrir sama tímabil á árinu 2020, en vistunardagar á fyrstu sex mánuðum ársins 2018 voru 739. Alls komu 45 börn á lokaða deild á fyrstu sex mánuðum ársins 2020, en þau voru 49 fyrir sama tímabil á árinu 2019 og 55 á fyrstu sex mánuðum ársins 2018.

Umsóknum um leyfi til að gerast fósturforeldrar fjölgaði miðað við árið á undan, voru 25 á fyrstu sex mánuðum ársins 2020, 22 fyrir sama tímabil á árinu 2019 en 37 á fyrstu sex mánuðum ársins 2018.

Í eftirfarandi töflum má sjá sundurliðun á þessum samanburði.

## Tilkynningar til barnaverndarnefnda

### Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði


Landsvæði	Fyrstu sex mánuðir 2018		Fyrstu sex mánuðir 2019		Fyrstu sex mánuðir 2020	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	2.207	42,7	2.382	42,9	2.683	41,8
Nágrenni Reykjavíkur <sup>1</sup>	1.358	26,3	1.474	26,5	1.666	25,9
Landsbyggð	1.607	31,1	1.698	30,6	2.074	32,3
<b>Samtals</b>	<b>5.172</b>	<b>100,0</b>	<b>5.554</b>	<b>100,0</b>	<b>6.423</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Með nágrenni Reykjavíkur er átt við Hafnarfjörð, Garðabæ, Kópavog, Seltjarnarnes, Mosfellsbæ og Kjósarhrepp.

### Fjöldi tilkynninga skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu sex mánuðir 2018		Fyrstu sex mánuðir 2019		Fyrstu sex mánuðir 2020	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	2.755	53,3	2.968	53,4	3.605	56,1
Stúlkur	2.373	45,9	2.542	45,8	2.753	42,9
Ekki vitað <sup>1</sup>	44	0,8	44	0,8	65	1,0
<b>Samtals</b>	<b>5.172</b>	<b>100,0</b>	<b>5.554</b>	<b>100,0</b>	<b>6.423</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.



<sup>1</sup>Með nágrenni Reykjavíkur er átt við Hafnarfjörð, Garðabæ, Kópavog, Seltjarnarnes, Mosfellsbæ og Kjósarhrepp.

## Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu sex mánuðir 2018		Fyrstu sex mánuðir 2019		Fyrstu sex mánuðir 2020	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	1.560	38,4	1.759	39,4	1.963	38,5
Nágrenni Reykjavíkur <sup>2</sup>	1.156	28,4	1.247	27,9	1.370	26,8
Landsbyggð	1.351	33,2	1.456	32,6	1.772	34,7
<b>Samtals</b>	<b>4.067</b>	<b>100,0</b>	<b>4.462</b>	<b>100,0</b>	<b>5.105</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

<sup>2</sup>Með nágrenni Reykjavíkur er átt við Hafnarfjörð, Garðabæ, Kópavog, Seltjarnarnes, Mosfellsbæ og Kjósarhrepp.

## Fjöldi barna skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu sex mánuðir 2018		Fyrstu sex mánuðir 2019		Fyrstu sex mánuðir 2020	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	2.214	54,4	2.414	54,1	2.872	56,3
Stúlkur	1.831	45,0	2.020	45,3	2.191	42,9
Ekki vitað <sup>1</sup>	22	0,6	28	0,6	42	0,8
<b>Samtals</b>	<b>4.067</b>	<b>100,0</b>	<b>4.462</b>	<b>100,0</b>	<b>5.105</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

## Fjöldi barna þar sem mál var þegar til meðferðar (opið mál) eða ákveðið var að hefja könnun

	Fyrstu sex mánuðir 2018		Fyrstu sex mánuðir 2019		Fyrstu sex mánuðir 2020	
	Fjöldi	Hlutfall <sup>1</sup>	Fjöldi	Hlutfall <sup>1</sup>	Fjöldi	Hlutfall <sup>1</sup>
Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál)	2.983	73,3	3.174	71,1	3.533	69,2
Drengir	1.597	53,5	1.689	53,2	1.900	53,8
Stúlkur	1.368	44,9	1.464	46,1	1.601	45,3
Ekki vitað <sup>2</sup>	18	0,6	21	0,7	32	0,9
Þar af nýjar kannanir	1.553	38,2	1.602	35,9	1.556	30,5
Drengir	822	52,9	857	53,5	808	51,9
Stúlkur	720	46,4	735	45,9	733	47,1
Ekki vitað <sup>2</sup>	11	0,7	10	0,6	15	1,0

<sup>1</sup>Hlutfall af þeim börnum sem tilkynnt var um.

<sup>2</sup>Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

## Ástæður tilkynninga


Ástæður tilkynninga	Fyrstu sex mánuðir 2018		Fyrstu sex mánuðir 2019		Fyrstu sex mánuðir 2020	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>Vanræksla</b>	<b>2.183</b>	<b>42,2</b>	<b>2.305</b>	<b>41,5</b>	<b>2.787</b>	<b>43,4</b>
<i>Drengir</i>	1.140	22,0	1.162	20,9	1.450	22,6
<i>Stúlkur</i>	1.043	20,2	1.143	20,6	1.337	20,8
Líkamleg vanræksla	109	2,1	125	2,3	118	1,8
<i>Drengir</i>	57	1,1	66	1,2	62	1,0
<i>Stúlkur</i>	52	1,0	59	1,1	56	0,9
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	1.832	35,4	1.965	35,3	2.410	37,5
<i>Drengir</i>	950	18,4	991	17,8	1.242	19,3
<i>Stúlkur</i>	882	17,1	974	17,5	1.168	18,2
Þar af foreldrar í áfengis-og fíkniefnaneyslu	717	13,9	765	13,8	1.044	16,3
<i>Drengir</i>	364	7,0	367	6,6	536	8,3
<i>Stúlkur</i>	353	6,8	398	7,2	508	7,9
Vanræksla varðandi nám	137	2,6	120	2,2	159	2,5
<i>Drengir</i>	84	1,6	73	1,3	101	1,6
<i>Stúlkur</i>	53	1,0	47	0,8	58	0,9
Tilfinningaleg vanræksla	154	3,0	166	3,0	176	2,7
<i>Drengir</i>	78	1,5	71	1,3	93	1,4
<i>Stúlkur</i>	76	1,5	95	1,7	83	1,3
<b>Ofbeldi</b>	<b>1.355</b>	<b>26,2</b>	<b>1.458</b>	<b>26,3</b>	<b>1.888</b>	<b>29,4</b>
<i>Drengir</i>	673	13,0	694	12,5	971	15,1
<i>Stúlkur</i>	682	13,2	764	13,8	917	14,3
Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi	849	16,4	946	17,0	1.268	19,7
<i>Drengir</i>	428	8,3	461	8,3	672	10,5
<i>Stúlkur</i>	421	8,1	485	8,7	596	9,3
Þar af heimilisofbeldi	406	7,8	444	8,0	570	8,9
<i>Drengir</i>	203	3,9	214	3,9	319	5,0
<i>Stúlkur</i>	203	3,9	230	4,1	251	3,9
Líkamlegt ofbeldi	294	5,7	334	6,0	418	6,5
<i>Drengir</i>	184	3,6	179	3,2	243	3,8
<i>Stúlkur</i>	110	2,1	155	2,8	175	2,7
Kynferðislegt ofbeldi	243	4,7	223	4,0	236	3,7
<i>Drengir</i>	85	1,6	76	1,4	65	1,0
<i>Stúlkur</i>	158	3,1	147	2,6	171	2,7

<b>Áhættuhegðun barna</b>	<b>1.586</b>	<b>30,7</b>	<b>1.746</b>	<b>31,4</b>	<b>1.675</b>	<b>26,1</b>
<i>Drengir</i>	948	18,3	1.113	20,0	1.180	18,4
<i>Stúlkur</i>	638	12,3	633	11,4	495	7,7
Neysla barns á vímuefnum	290	5,6	298	5,4	291	4,5
<i>Drengir</i>	163	3,2	174	3,1	184	2,9
<i>Stúlkur</i>	127	2,5	124	2,2	107	1,7
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	656	12,7	648	11,7	642	10,0
<i>Drengir</i>	316	6,1	354	6,4	397	6,2
<i>Stúlkur</i>	340	6,6	294	5,3	245	3,8
Afbrot barns	288	5,6	362	6,3	311	4,8
<i>Drengir</i>	214	4,1	264	4,8	250	3,9
<i>Stúlkur</i>	74	1,4	98	1,8	61	0,9
Barn beitir ofbeldi	241	4,7	305	5,5	345	5,4
<i>Drengir</i>	197	3,8	238	4,3	293	4,6
<i>Stúlkur</i>	44	0,9	67	1,2	52	0,8
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	163	3,2	204	3,7	148	2,3
<i>Drengir</i>	88	1,7	122	2,2	93	1,4
<i>Stúlkur</i>	75	1,5	82	1,5	55	0,9
<b>Heilsa eða líf ófædds barns í hættu</b>	<b>48</b>	<b>0,9</b>	<b>45</b>	<b>0,8</b>	<b>73</b>	<b>1,1</b>
<b>Tilkynningar alls</b>	<b>5.172</b>	<b>100,0</b>	<b>5.554</b>	<b>100,0</b>	<b>6.423</b>	<b>100,0</b>
<b>Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu<sup>2</sup></b>	<b>224</b>	<b>100,0</b>	<b>325</b>	<b>100,0</b>	<b>430</b>	<b>100,0</b>
<i>Drengir</i>	111	49,6	163	50,2	231	53,7
<i>Stúlkur</i>	111	49,6	155	47,7	190	44,2
<i>Ekki vitað<sup>3</sup></i>	2	0,9	7	2,2	9	2,1

<sup>1</sup>Athugið að aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokka fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

<sup>2</sup>Að mati tilkynnanda

<sup>3</sup>Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.



## Tilkynnendur

Tilkynnendur	Fyrstu sex mánuðir 2018		Fyrstu sex mánuðir 2019		Fyrstu sex mánuðir 2020	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Barnið sjálf	34	0,7	19	0,3	30	0,5
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	313	6,1	272	4,9	312	4,9
Nágrannar	373	7,2	370	6,7	565	8,8
Önnur barnaverndarnefnd	64	1,2	80	1,4	116	1,8
Þjónustumiðst./félagsþjónusta	141	2,7	156	2,8	153	2,4
Lögregla	2.108	40,8	2.294	41,3	2.537	39,5
Skólaþjónusta	720	13,9	858	15,5	836	13,0
Leikskóli/gæsluforeldri	134	2,6	119	2,1	138	2,1
Heilbrigðisþjónusta	493	9,5	563	10,1	624	9,7
Foreldrar barns	401	7,8	390	7,0	459	7,1
Aðrir	391	7,6	433	7,8	653	10,2
<b>Samtals</b>	<b>5.172</b>	<b>100,0</b>	<b>5.554</b>	<b>100,0</b>	<b>6.423</b>	<b>100,0</b>



## Umsóknir um meðferð

### Tegund meðferðar

Tegund meðferðar	Fyrstu sex mánuðir 2018		Fyrstu sex mánuðir 2019		Fyrstu sex mánuðir 2020	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Stuðlar	20	22,2	13	18,6	15	18,5
Laugaland og Lækjarbakki	14	15,6	12	17,1	6	7,4
MST	56	62,2	45	64,3	60	74,1
<b>Samtals</b>	<b>90</b>	<b>100,0</b>	<b>70</b>	<b>100,0</b>	<b>81</b>	<b>100,0</b>

### Umsóknir eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu sex mánuðir 2018		Fyrstu sex mánuðir 2019		Fyrstu sex mánuðir 2020	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	33	36,7	32	45,7	25	30,9
Nágrenni Reykjavíkur <sup>1</sup>	33	36,7	18	25,7	34	42,0
Landsbyggð	24	26,7	20	28,6	22	27,2
<b>Samtals</b>	<b>90</b>	<b>100,0</b>	<b>70</b>	<b>100,0</b>	<b>81</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Með nágrenni Reykjavíkur er átt við Hafnarfjörð, Garðabæ, Kópavog, Seltjarnarnes, Mosfellsbæ og Kjósarhrepp.

### Kyn barna

Kyn	Fyrstu sex mánuðir 2018		Fyrstu sex mánuðir 2019		Fyrstu sex mánuðir 2020	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	52	57,8	45	64,3	48	59,3
Stúlkur	38	42,2	25	35,7	33	40,7
<b>Samtals</b>	<b>90</b>	<b>100,0</b>	<b>70</b>	<b>100,0</b>	<b>81</b>	<b>100,0</b>

## Beiðnir um fósturheimili

### Tegund fósturs

Tegund fósturs	Fyrstu sex mánuðir 2018		Fyrstu sex mánuðir 2019		Fyrstu sex mánuðir 2020	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Tímabundið	34	54,0	56	63,6	56	59,6
Varanlegt	18	28,6	20	22,7	17	18,1
Styrkt	11	17,5	12	13,6	21	22,3
<b>Samtals</b>	<b>63</b>	<b>100,0</b>	<b>88</b>	<b>100,0</b>	<b>94</b>	<b>100,0</b>

### Beiðnir eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu sex mánuðir 2018		Fyrstu sex mánuðir 2019		Fyrstu sex mánuðir 2020	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	17	27,0	31	35,2	41	43,6
Nágrenni Reykjavíkur <sup>1</sup>	23	36,5	25	28,4	21	22,3
Landsbyggð	23	36,5	32	36,4	32	22,3
<b>Samtals</b>	<b>63</b>	<b>100,0</b>	<b>88</b>	<b>100,0</b>	<b>94</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Með nágrenni Reykjavíkur er átt við Hafnarfjörð, Garðabæ, Kópavog, Seltjarnarnes, Mosfellsbæ og Kjósarhrepp.

### Kyn barna

Kyn	Fyrstu sex mánuðir 2018		Fyrstu sex mánuðir 2019		Fyrstu sex mánuðir 2020	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	33	52,4	42	47,7	45	47,9
Stúlkur	30	47,6	46	52,3	49	52,1
<b>Samtals</b>	<b>63</b>	<b>100,0</b>	<b>88</b>	<b>100,0</b>	<b>94</b>	<b>100,0</b>

## Þjónusta í Barnahúsi

### Þjónusta

	Fyrstu sex mánuðir 2018	Fyrstu sex mánuðir 2019	Fyrstu sex mánuðir 2020
	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi
Rannsóknarviðtöl	133	108	164
a. Skýrslutökur <sup>1</sup>	62	63	109
Vegna kynferðislegs ofbeldis	39	42	54
Vegna líkamlegs- og heimilisofbeldi	23	21	55
b. Könnunarviðtöl	71	45	55
Þar af við fylgdarlaus börn	0	2	2
Þar af við hælisleitandi börn í fylgd forsjáraðila	0	1	0
Greiningar- og meðferðarviðtöl	57	68	70
Læknisskoðanir	6	2	0

<sup>1</sup>Til viðbótar nýtti lögreglan aðstöðu Barnahúss í einu tilviki á fyrstu sex mánuðum ársins 2019 og í sex tilvikum á fyrstu sex mánuðum ársins 2020.

### Kyn barna í Barnahúsi

Kyn	Fyrstu sex mánuðir 2018		Fyrstu sex mánuðir 2019		Fyrstu sex mánuðir 2020	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	59	44,4	39	36,1	64	39,0
Stúlkur	74	55,6	69	63,9	100	61,0
<b>Samtals</b>	<b>133</b>	<b>100,0</b>	<b>108</b>	<b>100,0</b>	<b>164</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Kyn þeirra barna sem komu í skýrslutöku eða könnunarviðtal, sama barn getur komið bæði í skýrslutöku og könnunarviðtal innan tiltekins tíma.

## Lokuð deild á Stuðlum

### Lokuð deild

	Fyrstu sex mánuðir 2018	Fyrstu sex mánuðir 2019	Fyrstu sex mánuðir 2020
	<i>Fjöldi</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Fjöldi</i>
Fjöldi vistana	111	98	96
Vistunardagar: skv. 25. eða 31. gr. barnaverndarlaga	739	508	477
Vistunardagar: Vistun á viðeigandi stofnun skv. 100. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008	0	0	0
Fjöldi einstaklinga	55	49	45

### Kyn barna

Kyn	Fyrstu sex mánuðir 2018		Fyrstu sex mánuðir 2019		Fyrstu sex mánuðir 2020	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	30	54,5	27	55,1	32	71,1
Stúlkur	25	45,5	22	44,9	13	28,9
<b>Samtals</b>	<b>55</b>	<b>100,0</b>	<b>49</b>	<b>100,0</b>	<b>45</b>	<b>100,0</b>

## Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar

### Umsóknir

Hvaðan koma umsóknir?	Fyrstu sex mánuðir 2018		Fyrstu sex mánuðir 2019		Fyrstu sex mánuðir 2020	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík og nágrenni <sup>1</sup>	21	56,8	13	59,1	9	36,0
Vesturland	3	8,1	3	13,6	2	8,0
Vestfirðir	1	2,7	1	4,5	2	8,0
Norðurland	4	10,8	2	9,1	3	12,0
Austurland	2	5,4	0	0,0	1	4,0
Suðurland	5	13,5	1	4,5	7	28,0
Reykjanes	1	2,7	2	9,1	1	4,0
Fólk búsett erlendis	0	0,0	0	0,0	0	0,0
<b>Samtals</b>	<b>37</b>	<b>100,0</b>	<b>22</b>	<b>100,0</b>	<b>25</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Með nágrenni Reykjavíkur er átt við Hafnarfjörð, Garðabæ, Kópavog, Seltjarnarnes, Mosfellsbæ og Kjósarhrepp.